



Keppnisgreinarreglur fyrir rally

Orðskýringar skálettraðra orða er að finna í *Reglubók FIA* sem aðgengileg er á vef AKÍS www.akis.is

2022



GREIN 1 ALMENNT

GREIN 1.1 GILDISSVIÐ

1.1.1 Reglur þessar gilda fyrir allar *keppnir* í rally.

1.1.1.a Keppnishaldara er heimilt að víkja frá keppnisfyrirkomulagi, flokkareglum og merkingum í öðrum *keppnum* en Íslandsmeistarakeppnum.

1.1.2 *Keppnir* eru haldnar samkvæmt *Reglubók FIA* (e. International Sporting Code (ISC)), þessum *keppnisgreinarreglum* og *sérreglum* hvernar *keppni*.

1.1.3 Gæti misræmis á þessum *keppnisgreinarreglum* og *Reglubók FIA* þá gilda reglur *FIA*.

GREIN 2 SKRÁNING

GREIN 2.1 KEPPENDUR OG ÖKUMENN

2.1.1 Eftir lok skráningarfrests er keppanda heimilt að gera breytingar á skráningu:

2.1.1.a fram að skoðun, breyta um annan ökumann áhafnar með leyfi framkvæmdanefndar;

2.1.1.b eftir skoðun og fram að ræsing, breyta um annan ökumann áhafnar með leyfi dómnefndar.

2.1.2 Ekki er heimilt að skipta um báða ökumenn áhafnar eftir lok skráningarfrests.

GREIN 2.2 ÖKUTÆKI

2.2.1 Heimilt er áður en skoðun hefst að skipta út skráðu *ökutæki* að því tilskyldu að hið nýja ökutæki sé í sama keppnisflokk og sama gengi og það sem tilgreint er í skráningu.

2.2.2 Komi það upp við skoðun ökutækis fyrir *keppni* að skráning þess sé ekki í samræmi við keppnisflokk skal, samkvæmt tillögu skoðunarmanns, færa ökutæki í annan keppnisflokk og/eða gengi, samkvæmt ákvörðun dómnefndar.

2.2.3 Ökutæki skal hafa gilda bifreiðaskoðun og uppfylla öryggiskröfur greinar 5.2.

GREIN 2.3 KEPPNISNÚMER

2.3.1 Ökutæki skal merkt með keppnisnúmeri sem keppnishaldari leggur til.

2.3.2 Keppnisnúmerum er úthlutað til eins keppnistímabils í senn og miðast við ökumann.

2.3.2.a Númerin skulu taka mið að úrslitum Íslandsmóts næsta árs á undan. Þannig hefur ríkjandi Íslandsmeistari rétt á keppnisnúmerinu 1, sá sem varð í öðru sæti til Íslandsmeistara hefur rétt á keppnisnúmerinu 2 og svo framvegis.

2.3.2.a.i Rétt til keppnisnúmers samkvæmt úrslitum Íslandsmóts næsta árs á undan öðlast 15 efstu ökumenn þess móts. Aðrir ökumenn fá úthlutað keppnisnúmerum frá 16 til og með 99.

2.3.2.b Ökumanni er heimilt að sækja um sérvalið keppnisnúmer, sem er frá 16 til og með 99. Skal slík umsókn sendast til keppnishaldara og koma fram í síðasta lagi sjö dögum áður en keppni hefst.

2.3.2.b.i Ökumaður skal hafa forgang um notkun á úthlutaðu sérvöldu keppnisnúmeri í a.m.k. tvö keppnistímabil.

2.3.2.c Keppnishaldarar skulu, í samvinnu við AKÍS, halda skrá um úthlutað keppnisnúmer á hverju ári.

GREIN 3 KEPPNI

GREIN 3.1 ALMENNT

3.1.1 Lengd *keppni* er ákveðin í tímatöflu og er skipt niður í hluta, sem er skipt niður í áfanga.



3.1.2 Ökutæki skulu ræst með einnar (1) mínútu millibili, en stöðvarstjóri tímavarðstöðvar má víkja frá þessum tímamörkum með heimild keppnisstjóra.

3.1.3 Í keppni skal notast við netklukkuna time.is.

3.1.4 Keppnishaldari skal gefa út nákvæma leiðarlýsingu sem lýsir akstursleið keppinnar og GPS hnitum fyrir staðsetningu allra tímavarðstöðva og leiðavarðstöðva.

3.1.4.a Keppnishaldara er heimilt að gefa út leiðarbók sem lýsir í smáatriðum akstursleið keppni. Skal þá áhöfn fylgja þeirri lýsingu nákvæmlega.

3.1.4.b Leiðarlýsing eða leiðarbók skal gefin út eigi síðar en 10 dögum fyrir upphaf keppni.

3.1.5 Keppnishaldara er ekki skylt að gefa út leiðanótur, en áhöfn er heimilt að nota sínar eigin.

GREIN 3.2 ÁHÖFN

3.2.1 Áhöfn samanstendur af ökumanni og aðstoðarökumanni.

3.2.1.a Keppnishaldara er heimilt, í keppnum sem ekki eru hluti af Íslandsmóti og að fengnu samþykki dómnefndar, að leyfa akstur ökutækis án aðstoðarökumanns.

3.2.2 Aðstoðarökumanni er aðeins heimilt að aka ökutæki á ferjuleiðum.

3.2.3 Áhöfn skal vera í ökutæki allan tímann meðan á keppni stendur og ökutæki er á ferð, nema í þeim tilvikum sem tilgreind eru í reglum þessum eða öðrum íþróttarreglum.

3.2.3.a Í hverri keppni er keppnishaldara heimilt, með leyfi dómnefndar og öryggisfulltrúa, að leyfa annan aðstoðarökumann á einni sérleið, svokallaðan gesta aðstoðarökumann.

3.2.3.a.i Gesta aðstoðarökumaður skal lúta öllum sömu reglum um öryggisbúnað og framkomu eins og aðrir í áhöfn ökutækis.

3.2.3.a.ii Keppnishaldari skal að minnsta kosti þremur dögum fyrir ræðingu fyrsta bíls gefa út tilkynningu á upplýsingatöflu keppinnar á hvaða sérleið gesta aðstoðarökumaður verður leyfður.

3.2.3.a.iii Keppnishaldari skal hafa skriflegar upplýsingar um nöfn og kennitölur gesta aðstoðarökumanna, ásamt í hvaða ökutæki þeir muni verða.

3.2.3.a.iv Í sérreglum keppinnar skal kveða nánar á um fyrirkomulag við skipti á aðstoðarökumönnum, svo sem hvar það er heimilt og hvort viðkomandi sérleið telur til úrslita í keppninni.

3.2.4 Séu á einhverjum tíma fleiri en áhöfn í ökutæki meðan hún er á ferð, varðar það brottvísun úr keppni.

3.2.5 Áhöfn skal hafa öryggisbelti spennt allan tímann sem ökutæki er á ferð, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.2.6 Hætti annar úr áhöfn telst þátttöku hennar í keppni lokið.

GREIN 3.3 KÖNNUN SÉRLEIÐA

3.3.1 Nema annars sé getið í sérreglum keppni er áhöfn heimilt að kanna sérleiðir og gera leiðarnótur.

3.3.2 Í sérreglum keppinnar er heimilt að takmarka könnun sérleiða (leiðarskoðun).

3.3.3 Könnun eða akstur sérleiða er ekki leyfileg á ökutæki skráðu til keppni eftir að leiðarlýsing hennar hefur verið gefin út.

3.3.3.a Slíkur akstur varðar við brottvísun úr keppni nema hann sé hluti af annarri keppni samþykktari af AKÍS.



3.3.4 Við könnun leiða skal áhöfn gæta varúðar og fara eftir þeim umferðarreglum sem gilda á hverjum stað.

3.3.5 Í sérreglum keppni er heimilt að krefjast þess að áhöfn gefi upp gerð og lit bifreiðar sem hún notar við könnun sérleiða, sem og skráningarnúmer og tímasetningu könnunar.

3.3.6 Löggæslufirvöld og keppnishaldari geta sett upp athugunarstöðvar til þess að athuga hraða og umgengi áhafna við könnun sérleiða.

3.3.7 Meðan á könnun sérleiða stendur mun áhöfn sem ekur of hratt eða á þann máta, að mati dómnefndar, að það valdi eða geti valdið hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur eða almenning, verða refsað sem hér segir:

3.3.7.a Fyrsta brot, skrifleg áminning.

3.3.7.b Annað brot, sekt að fjárhæð kr. 30.000,-.

3.3.7.c Þriðja brot, rásheimild neitað.

3.3.7.c.i Keppnisgjöld verða ekki endurgreidd.

3.3.7.d Áhöfn mun tilkynnt við fyrsta tækifæri um refsingar, en ef svo ber undir er heimilt að tilkynna annað og/eða þriðja brot um leið og tilkynnt er um fyrsta eða annað brot.

3.3.8 Refsingum á grundvelli greinar 3.3.7 er ekki hægt að áfrýja. Gildir þar einu hvort kæra kemur frá löggæslufirvöldum eður ei og einnig óháð því hver útkoma yrði í slíku máli.

GREIN 3.4 PARC FERMÉ

3.4.1 Ökutæki er í *Parc Fermé*:

3.4.1.a frá því að komið er inn á byrjunarsvæði, endurskipunarstöð, lok áfanga og þar til farið er út úr þessum svæðum;

3.4.1.b frá því að komið er inn í tímavarðstöð og þar til farið er úr henni;

3.4.1.c frá því að í endamark er komið og þar til keppni lýkur.

3.4.2 Viðgerðir

3.4.2.a Meðan ökutæki er í *Parc Fermé* eru viðgerðir og eldsneytisáfylling stranglega bönnuð, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.4.2.b Sjái skoðunarmenn eða öryggisfulltrúi að ökutæki er ekki í ástandi sem samrýmist reglum um almenna notkun á vegum, verða þeir að láta keppnisstjóra tafarlaust vita. Hann getur farið fram á að gert sé við ökutæki.

3.4.2.b.i Þegar þetta gerist eru mínúturnar sem notaðar eru til viðgerðar taldar sami fjöldi mínútna eins og þegar of seint er komið inn á tímavarðstöð. Sá tími mun þar af leiðandi vera tekinn með þegar reiknuð er refsing til brottvísunar úr keppni. Þetta er ástæða þess að tími sem notaður er í viðgerðir má ekki vera meiri en sá tími sem fyrirbyggjandi er áður en áhöfn var refsað. Fari tíminn yfir þennan tíma skal brottvísun úr keppni tilkynnt.

3.4.2.b.ii Til að fyrirbyggja að áhöfn reyni að bæta upp tapaðan tíma eftir viðgerðir má vera að þeim verði úthlutaður nýr brottfarartími.

3.4.3 Sem undantekning, og undir eftirliti hæfs starfsmanns keppinnar, má áhöfn meðan ökutæki er í *Parc Fermé*, við upphaf keppni, á endurskipunarstöð eða við áfangalok, skipta um sprungið eða skemmt dekk með því að nota verkfæri sem eru í *ökutækinu*.

3.4.3.a Þessum dekkjaskiptum verður að vera lokið áður en að brottfarartíma viðkomandi áhafnar kemur. Að öðrum kosti skal refsað samkvæmt því sem getið er í grein 3.4.2.b.i og 3.4.2.b.ii.

3.4.4 Um leið og áhöfn hefur lagt ökutæki í *Parc Fermé* verður hún að fara út af svæðinu og mun engum úr áhöfninni leyft að fara þangað inn aftur.

3.4.5 Til að fara út úr *Parc Fermé* við upphaf keppni, á endurskipunarstöð eða lok áfanga er áhöfn heimilt að fara inn á *Parc Fermé* 10 mínútum fyrir brottfarartíma sinn.



3.4.6 Sé ekki hægt að hreyfa ökutæki fyrir eigin vélarafli:

3.4.6.a að inngangi eða útgangi Parc Fermé við upphaf keppni, á endurskipunarstöð eða lok áfanga, verður refsað með 30 sekúndum. Þessi refsing mun ekki telja til brottvísunar úr keppni;

3.4.6.b út úr tímavarðstöð við upphaf sérleiðar, verður viðkomandi áhöfn vísað úr keppni.

3.4.7 Brot á reglum um *Parc Fermé* varða brottvísun úr keppni.

GREIN 3.5 SKOÐUN

3.5.1 Sérhver áhöfn sem ætlar að taka þátt í keppni skal mæta með ökutæki til skoðunar samkvæmt dagskrá keppinnar.

3.5.1.a Heimilt er að einungis annar úr áhöfn mæti með ökutæki til skoðunar.

3.5.2 Sérhverri áhöfn sem kemur til skoðunar utan þeirra tímamarka sem dagskrá greinir mun ekki leyft að hefja keppni, nema vegna ófyrirsjáanlegra orsaka sem dómnefnd viðurkennir.

3.5.2.a Skal áhöfn í slíkum tilfellum sækja skriflega um frest á skoðun og tilgreina ástæðu.

3.5.3 Aðeins áhöfn og einn til viðbótar mega fylgja hverju ökutæki gegnum skoðun.

3.5.4 Skoðun ökutækis fyrir upphaf keppni er aðeins af almennum toga, þ.e. skilríki, bifreiðategund og árgerð, hvort ökutæki samrýmist skráningargengi, öryggisatriði o.s.frv. og síðan:

3.5.4.a staðfesta ökutæki;

3.5.4.a.i Staðfesta má auðkenni grindar og vélar hvenær sem er meðan á keppni stendur, samkvæmt ákvörðun dómnefndar.

3.5.4.b hvort persónulegur búnaður áhafnar sé samkvæmt reglum þessum og sérreglum keppinnar.

3.5.5 Eftirfarandi skilríki og gögn skal athuga í skoðun við upphaf keppni:

3.5.5.a ökuskrá;

3.5.5.b staðfest félagsaðild;

3.5.5.c keppnisskráirni erlendra keppenda og ökumanna;

3.5.5.c.i Framvísa skal gildu alþjóðlegu keppnisskráirni eða staðfestingu sem AKÍŠ samþykkir.

3.5.5.d skoðunarvottorð ökutækis sem staðfestir að ökutæki hafi gilda bifreiðaskoðun;

3.5.5.e tryggingarskráirni ökutækis og staðfestingu á gildi tryggingar í keppni.

3.5.6 Eftir skoðun, ef ökutæki eða persónulegur öryggisbúnaður áhafnar er ekki samþykkt af skoðunarmönnum, mun dómnefnd eða skoðunarmaður ákveða tímasetningu sem keppendur hafa til að ganga þannig frá því sem uppið vantar að það verði samþykkt.

3.5.7 Ökutæki sem ekki er samþykkt af skoðunarmönnum fær ekki rásheimild.

3.5.8 Skoðun ökutækja skal ekki fara fram meira en 48 klst. fyrir áætlaða ræsingu fyrsta bíls samkvæmt dagskrá keppinnar.

3.5.9 Aukaskoðanir geta farið fram hvenær sem er meðan á keppni stendur, hvort heldur sem er á ökutækjum eða áhöfnum.

3.5.9.a Áhöfn er ábyrg fyrir því að ökutæki standist skoðun hvenær sem er í keppni.

3.5.10 Raðnúmer ökutækis og vélar þess má ekki fjarlægja eða má út meðan á keppni stendur, né heldur önnur auðkenni er keppnishaldari kynni að setja á/í ökutæki, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.5.10.a Dómnefnd getur vegna brots á ofanrituðu beðið landssamband viðkomandi keppanda að leggja á keppandann enn frekari refsingar.



GREIN 3.6 UMFERÐ

3.6.1. Áhöfn skal, á meðan á keppni stendur, hlíta íslenskum umferðarlögum og -reglum. Brotum þar á verður vísað til dómnefndar.

3.6.2. Áhöfn sem brýtur umferðarlög eða -reglur skal stöðvuð af lögreglu eða starfsmönnum keppinnar, sem sáu brotið og henni tilkynnt það, á sama hátt og um væri að ræða venjulegan ökumann í umferðinni.

3.6.2.a Ákveði lögregla að stöðva ekki ökumann sem brotið hefur af sér, má dómnefnd samt sem áður refsá áhöfn samkvæmt reglum þessum á eftirfarandi hátt:

3.6.2.a.i Með því að tilkynna brotið opinberlega og skriflega áður en rásröð næsta áfanga er formlega tilkynnt samkvæmt dagskrá.

3.6.2.a.ii Að opinberar skýrslur séu það nákvæmar að þær sanni án nokkurs vafa hvaða ökumaður átti í hlut og að auki séu staðsetning brotsins og tímasetning þess nákvæm.

3.6.2.a.iii Að ekki sé hægt að túlka sannanirnar á mismunandi hátt.

3.6.3 Meðan á viðgerðum stendur ber áhöfn og þjónustuliði að koma bifreiðum sínum þannig fyrir að ekki skapist hætta eða hindrun fyrir aðra vegfarendur.

3.6.4 Viðgerðir á ökutæki eru heimilar hvar sem er í keppni nema annars sé sérstaklega getið í reglum þessum eða sérreglum *keppni*.

3.6.4.a Í sérreglum keppni er heimilt að tilgreina sérstök svæði sem viðgerðir skulu fara fram á, sem og að setja takmarkanir á hvar viðgerðir mega fara fram.

3.6.4.b Sérreglur skulu í þeim tilfellum tilgreina hvaða refsing liggur við broti á þessari reglu.

3.6.5 Á meðan viðgerð og/eða eldsneytisáfyllingu stendur skal ökutæki standa á dúk sem varnar því að vökvar og/eða óhreinindi frá þeim lendi á yfirborði jarðar, nema annars sé getið í reglum þessum eða sérreglum keppinnar.

3.6.5.a Ákvæði um dúk á ekki við innan lóða bensínstöðva eða verkstæða nema þess sé getið í sérreglum keppinnar.

3.6.6 Ekkert ökutæki má hreyfa meðan á keppni stendur öðruvísi en fyrir eigin vélarafla að viðlagðri brottvísun, nema:

3.6.6.a með ferju á vegum keppnisstjórnar;

3.6.6.b með utanaðkomandi hjálp, minnstu hugsanlegu vegalengd er nægir til að losa ökutæki úr festu eða rétta það við;

3.6.6.c með þyngdarafla;

3.6.6.d af áhöfn ökutækis;

3.6.6.e með leyfi stjórnenda keppinnar.

3.6.7 Sannist að áhöfn hindri aðra áhöfn í að aka framúr, loki leið fyrir annarri áhöfn að yfirlögðu ráði, eða torveldi með einum eða öðrum hætti framgang annarrar áhafnar, getur það varðað brottvísun úr keppni. Sama á við um aðra óíþróttamannslega hegðun.

3.6.8 Allur akstur utan vega er bannaður að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.6.8.a Lokist sérleið sökum annars ökutækis er þó heimilt að fara utan vegar, stystu mögulegu vegalengd til að komast framhjá hindrun, enda tilkynni hlutaðeigandi keppnishaldara um atvikið svo hægt sé að bæta skemmdir á gróðri.

3.6.9 Verði þjónustubifreið keppanda uppvís að of hröðum akstri samkvæmt mælingu lögreglu, skal viðkomandi keppanda refsað.

3.6.9.a 1 mínúta í refsingu fyrir hvern byrjaðan km/klst, fari mældur hraði meira en 20 km/klst yfir lögboðinn hámarkshraða viðkomandi vegar.

3.6.9.a.i Refsing þessi skal leggjast við refsingu ferjuleiða viðkomandi áfanga.



3.6.10 Allur dekkjabúnaður ökutækis skal ávallt í allri keppni vera í samræmi við íslensk lög og reglur.

3.6.11 Allt útlit og frágangur ökutækis skal vera þannig að það standist kröfur um gerð og búnað ökutækja

3.6.12 Óheimilt er að aka ökutækjum á ferjuleið nema á fjórum loftfylltum hjólum.

GREIN 3.7 STÖÐVAR

3.7.1 Allar stöðvar, það er, leiðarvarðstöðvar, tímavarðstöðvar, upphaf og endir sérleiða, endurskipunarstövar og viðgerðasvæði skulu merkt viðurkenndum FIA merkingum samkvæmt eftirfarandi:

Control type	Control Zone						
	YELLOW SIGNS Beginning of Control Zone		RED SIGNS Compulsory Stop			BEIGE SIGNS End of Control Zone	
PASSAGE CONTROL	Gul skilti		Rauð skilti				
		<- 25 m ->	 PC	<- 25 m ->			
		<- 25 m ->	 TC	<- 25 m ->			
TIME CONTROL AND SS START		<- 25 m ->	 TC	<- 50 m -> min		<- 25 m -> SSS	
END OF SS		<- 100 m ->		100 - <- -> 300 m		<- 25 m -> SSS	
		FLYING FINISH NON-STOP					

3.7.1.a Leiðarvarðstöð. Upphaf stöðvarsvæðis er merkt með viðvörðunarskilti á gulum grunni. Um það bil tuttugu og fimm (25) metrum þar frá er tímataka merkt með samskonar skilti með rauðum grunni. Endir stöðvarsvæðis, um það bil fimmtíu (50) metrum frá tímaskráningu, er merkt með gulu merki með þremur svörtum skástrikum.

3.7.1.b Tímavarðstöð. Upphaf stöðvarsvæðis er merkt með klukku á gulum grunni. Um það bil tuttuguogfimm (25) metrum þar frá er tímataka merkt með samskonar skilti með rauðum grunni. Endir stöðvarsvæðis, um það bil fimmtíu (50) metrum frá tímaskráningu, er merkt með gulu merki með þrem svörtum skástrikum.

3.7.1.c Tímavarðstöð, byrjun sérleiðar. Upphaf stöðvarsvæðis er merkt með klukku á gulum grunni. Um það bil tuttugu og fimm (25) metrum þar frá er tímataka merkt með samskonar skilti með rauðum grunni. Næst kemur



flagg í hæfilegri fjarlægð (ræsing) Endir stöðvarsvæðis, um það bil fimmtíu (50) metrum þaðan, er merkt með gulu merki með þrem svörtum skástrikum.

3.7.1.d Tímavarðstöð, lok sérleiðar. Upphaf svæðis. Gult flagg, u.þ.b. 100m frá er rautt flagg, (flaggað út), næst bremsukaflí 100 – 300 m er rautt STOP merki þar sem tímaverðir skrá tíma í tímabækur. Um það bil fimmtíu (50) metrum frá tímaskráningu, er merkt með gulu merki með þrem svörtum skástrikum.

3.7.2 Öll stöðvasvæði, þ.e. frá fyrsta gula aðvörunarskilti og að gula merkinu með skástrikunum, eru Parc Fermé. Áhöfn er með öllu óheimilt að viðlagðri brottvísun úr keppni að gera við, hella á eldsneyti eða fá aðstoð í nokkurri mynd á svæðinu milli þessara skilta.

3.7.3 Tíminn sem varið er innan ofantalinna stöðva skal ekki vera lengri en nauðsynlegur er til athafna á þeim.

3.7.4 Stranglea er bannað, að viðlagðri brottvísun úr keppni, að:

3.7.4.a koma inn á stöð úr annarri átt en segir í leiðarlýsingu;

3.7.4.b fara í gegnum eða inn í stöð sem áður hefur verið farið um.

3.7.5 Áhöfn má bera sig saman við klukkan tímavarða á tímavarðstöðvum. Hins vegar getur áhöfn engar aðrar upplýsingar fengið um áætlaðan komutíma þar sem hann er á ábyrgð áhafnar.

3.7.6 Tímavarðstöðvar verða starfhæfar að minnsta kosti 15 mínútum fyrir áætlaðan komutíma fyrsta ökutækis.

3.7.6.a Tímavarðstöð lokar í fyrsta lagi 30 mínútum eftir mesta áætlaðan tíma síðasta ökutækis, eða samkvæmt upplýsingum eftirfara.

3.7.7 Áhöfn er skylt að fylgja fyrirmælum starfsmanna á öllum stöðvum. Dómnefnd er heimilt að vísa áhöfn úr keppni vegna brots á fyrirmælum þessum.

GREIN 3.8 SÉRLEIÐIR

3.8.1 Sérleiðir eru hraðaprófanir á vegum, sérstaklega lokuðum meðan á keppni stendur.

3.8.2 Meðan á akstri um sérleið stendur verður áhöfn ökutækis að bera öryggishálma, nota HANS búnað og hafa öryggisbelti spennt að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.8.3 Ræsingar inn á sérleiðir fara fram úr kyrrstöðu.

3.8.3.a Vél ökutækis skal vera í gangi á ráslínu.

3.8.4 Sérleiðir skulu byrja þannig:

3.8.4.a Þegar ökutæki með áhöfn innanborðs hefur stöðvað við ráslínu inn á sérleið, mun starfsmaður þar staðfesta rástímann sem gefinn er upp fyrir ökutækið (klukkustundir og mínútur). Að þessu loknu verður byrjað að telja niður, upphátt “30 sekúndur” - “15 sekúndur” - “10 sekúndur” - og síðustu 5 sekúndurnar eina og eina í einu.

3.8.4.b Þegar rástími er kominn og rásmerki gefið skal ökutæki tafarlaust fara af stað.

3.8.4.c Ökutæki sem ekki er kleift að yfirgefa ráslínu innan 20 sekúndna eftir að ræsing hefur verið heimiluð skal ýtt til hliðar til að hreinsa ráslínu og viðkomandi áhöfn tafarlaust vikið úr keppni.

3.8.5 Komi áhöfn of seint til ræsingar á sérleið, mun tímavörður skrá nýjan rástíma í tímabókina.

3.8.5.a Seinkunin mun reiknuð sem seinkun á ferjuleið.

3.8.6 Aðeins stöðvarstjóri tímavarðstöðvar má fresta rástíma inn á sérleið frá uppgefnum tíma í tímaáætlun keppinnar.

3.8.7 Rangri ræsingu á sérleið, þó sérstaklega þjófstarti, mun refsað með 1 mínútu.

3.8.7.a Þetta útilokar ekki þyngri refsingar af hálfu dómnefndar, sérstaklega við ítrekuð brot.



3.8.8 Hver sú áhöfn sem neitar ræsingu inn á sérleið á þeim tíma og stað sem áður hefur verið ákveðið mun refsast af dómnefnd með að minnsta kosti 10 mínútna refsingu, eða allt að brottvísun úr keppni og þá samkvæmt ósk keppnisstjóra, óháð því hvort sérleið er ekin eður ei.

3.8.9 Áhöfn er bannað að snúa við á sérleiðum og/eða aka þær í öfuga átt, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.8.10 Sérleiðir enda við marklínu (flying finish).

3.8.10.a Það að stöðva milli gula viðvörnskiltisins og stöðvunarskiltis (e. Stop Point), er bannað, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

3.8.10.b Tímataka mun eiga sér stað á marklínu með rafrænum tímatökubúnaði þar sem það er hægt, en ávallt þó með skeiðklukkur til vara.

3.8.10.c Um eitt- til þrjúhundruð (100-300) metra frá marklínu stöðvar áhöfnin í tímavarðstöð, gefin til kynna með rauðu 'STOP' merki, þar sem tíminn á sérleiðinni er færður inn í tímabók (klukkustund, mínúta og sekúndur).

3.8.10.c.i Takist tímavörðum ekki að koma upplýsingum um tíma á sérleiðinni til starfsmanns tímavarðstöðvarinnar strax, mun starfsmaðurinn aðeins staðfesta komu áhafnarinnar á tímavarðstöðina og afhenda síðan tímabókina, en tíminn mun færður inn við næstu endurröðun.

3.8.10.d Við sérstakar aðstæður er heimilt að láta sérleið ljúka með að stoppa í ramma (e. Stop in box). Slíkt skal kynnt í leiðarlýsingu og skal kynna það sérstaklega á fundi með keppendum þar sem um undantekningartilvik er að ræða. Komutími af sérleið telst þá vera þegar ökutæki hefur stöðvað inni í þeim ramma sem markaður hefur verið.

3.8.11 Tímar á sérleiðum, í klukkustundum og mínútum og sekúndum, munu lagðir saman við aðrar tímarefsingar, þ.e. ferjuleiða, tæknilegar o.s.frv.

3.8.12 Á sérleiðum er aðstoð leyfð, en má, undir engum kringumstæðum valda hindrun fyrir aðrar áhafnir.

3.8.13 Þjónustubifreiðum, stjórnubifreiðum, aðstoðarbifreiðum eða neyðarþjónustubifreiðum er ekki heimilt að fara inn á sérleið eða almenna vegi sem eru á mörkunum fyrr en eftirfari hefur opnað sérleiðina.

3.8.13.a Brot á þessari reglu mun leiða til brottvísunar úr keppni fyrir þá áhöfn sem ábyrgð ber á viðkomandi bifreið.

3.8.14 Geti hluti áhafna ekki lokið sérleið vegna þess að önnur áhöfn lokar leiðinni og sannanlega hefur ekki verið hægt að opna leiðina þá skulu þær áhafnir sem ekki ljúka leiðinni fá gefinn lakasta tíma þess ökutækis sem fór leiðina fyrir lokun, við eðlilegar aðstæður að mati dómnefndar.

3.8.14.a Sú áhöfn sem veldur lokun leiðarinnar skal ávallt fá fulla refsingu samkvæmt tímabók.

3.8.15 Ökutæki skal aldrei senda á sérleið nema að hún sé greiðfær.

3.8.16 Verði áhöfn fyrir umtalsverðum töfum af þeirri ástæðu að sérleið sé ekki fær fyrir eðlilega útbúið ökutæki skal fella sérleiðina niður.

3.8.17 Þegar hætta verður akstri um sérleið, hver svo sem ástæðan er, áður en síðasta ökutæki fer um hana, er hægt að fá úrslit á þeirri sérleið til notkunar við heildarúrslit, með því að ákveða hverri áhöfn sem ekki gat lokið við sérleiðina vegna truflunarinnar, lakasta tíma sem fram var kominn áður en truflunin átti sér stað.

3.8.17.a Þessi úrslit má nota, jafnvel þó aðeins ein áhöfn hafi lokið við sérleiðina undir eðlilegum keppnisaðstæðum.

3.8.17.b Aðeins dómnefnd má ákveða þetta eftir að hafa fengið skýringu keppnisstjóra hvi truflunin átti sér stað.

3.8.17.c Telji dómnefnd lakasta tíma óeðlilegan, má hún velja einn af fjórum lökustu tímum sem talinn er réttastur.

3.8.17.d Engin áhöfn sem ber að hluta til eða alfarið ábyrgð á því að truflun varð á sérleiðarakstrinum, má hagnast á þessu.



3.8.17.d.i Sú áhöfn mun fá tíma sem áætlað er að tekið hefði hana að aka, svo fremi hann er meiri en tíminn sem valinn er af dómnefnd sem lakasti tíminn.

3.8.18 Þurfi áhöfn að nema staðar á sérleið skal hún koma ökutæki sínu af veginum sé þess nokkur kostur, ella setja upp endurskinsþríhyrninga er vari aðrar áhafnir við hættunni í tæka tíð.

3.8.19 Áhöfnum er skylt að aðstoða hverja aðra í slysatilfellum og koma boðum til starfsmanna keppinnar og/eða réttra yfirvalda.

3.8.20.a Áhöfn sem tefst vegna slíkra atvika skal halda sæti sínu eins og það var þegar viðkomandi leið hófst, þ.e. staða hennar í bilinu milli næsta bíls á undan og næsta bíls á eftir verður í sömu hlutföllum að leið lokinni með tilliti til refsistiga.

3.8.20.b Sinni áhöfn ekki þessari skyldu varðar það brottvísun úr keppni.

3.8.21 Áhöfn sem lendir í óhappi skal gefa öðrum áhöfnum það skýrt til kynna, sé hjálpar ekki þörf.

3.8.22 Verði slys og áhöfn þarf aðstoð skal næsta áhöfn stöðva og aðstoða og/eða vara aðrar áhafnir við.

3.8.22.a Ef fjarskiptasamband er ekki til staðar á slysstað skal næsta áhöfn þar á eftir aka leiðina á umferðarhraða til að koma boðum til starfsmanna eða stjórnenda keppinnar.

3.8.23 Keppnishaldara er heimilt að koma fyrir hindrunum á sérleiðum til að draga úr hraða.

3.8.23.a Slíkar hindranir skulu vera vel merktar og sem líkastar því sem Alþjóða aksturssambandið FIA gefur út.

3.8.23.b Upplýsingar um nákvæma staðsetningar og teikningar af útfærslu og málsetningu á hindrunum sem keppnishaldari kemur fyrir skulu koma fram í leiðarlýsingu keppni og leiðarþók

GREIN 3.9 EFTIRSKOÐUN

3.9.1 Um leið og komið er í endamark við lok keppni fer ökutæki í *Parc Fermé*, þar sem athugað verður:

3.9.1.a hvort ökutæki sé það sama og var skoðað samkvæmt grein 3.5.4.a;

3.9.1.b vöntun á auðkennum samkvæmt grein 7.1.

GREIN 4 KEPPNISFYRIRKOMULAG

GREIN 4.1 RÁSRÖÐ

4.1.1 Rásröð ákveðin af keppnisstjóra verður birt samkvæmt dagskrá keppinnar.

4.1.2 Keppnisstjóra er hvenær sem er heimilt, að höfðu samráði við dómnefnd, að breyta rásröð af öryggisástæðum.

4.1.3 Upphafleg rásröð skal vera óbreytt þangað til að minnsta kosti 10% af vegalengd á sérleiðum hefur verið ekin.

4.1.4 Við upphaf hvers áfanga mun ný rásröð verða gefin út samkvæmt útkomu næsta áfanga á undan.

4.1.4.a Sé þetta ekki hægt á þeim tíma sem til umráða er, helst rásröð óbreytt.

GREIN 4.2 TÍMABÓK

4.2.1 Í upphafi hvers áfanga fær áhöfn í hendur tímabók þar sem fram kemur sá tími sem gefinn er til að fara vegalengd hvers leiðarhluta og þar með milli tveggja tímavarðstöðva.

4.2.1.a Tímabók skal afhent við komu á tímavarðstöð þar sem tímavörður skráir tíma.



4.2.2 Beri áhöfn ábyrgð á því að ekki er unnt að færa tíma inn í tímabók, gilda eftirfarandi refsingar:

4.2.2.a Við upphaf sérleiðar, brottvísun.

4.2.2.b Við 'STOP' skiltið, 5 mínútna refsing.

4.2.3 Áhöfn ökutækis ber algerlega ábyrgð á tímabók á milli tímavarðstöðva og skal hún sjálf afhenda hana tímaverði að viðlagðri *brottvísun*.

4.2.4 Allar breytingar á tímabók leiða til brottvísunar úr keppni, nema þær séu undirritaðar af tímaverði.

4.2.5 Áhöfn skal sjálf færa inn rásnúmer ökutækis í tímabók.

4.2.5.a Vöntun á rásnúmeri getur varðað brottvísun úr keppni.

4.2.6 Áhöfn skal ávallt undirrita tímabók áður en hún er afhent í lok áfanga.

4.2.6.a Vöntun á undirritun getur varðað brottvísun úr keppni.

4.2.7 Vanti tíma, aðrar upplýsingar eða undirskriftir í tímabók getur það varðað brottvísun úr keppni.

GREIN 4.3 RÆSING

4.3.1 Nákvæmur tími ræsingar kemur fram í tímabók.

4.3.2 Við upphaf keppni, áfanga eða hluta verður seinni mætingu, sem er sök áhafnar, refstað með 1 mínútu fyrir hverja mínútu sem komið er seint. Áhöfn sem kemur meira en 10 mínútum of seint, verður vikið úr keppni.

4.3.3 Þar sem áhöfn hefur 10 mínútur til þess að koma inn í upphafi keppni, áfanga eða hluta, þá mun réttur rástími verða skráður í tímabók, komi áhöfnin innan þessara 10 mínútna.

4.3.3.a Tíma á milli ökutækja skal halda.

4.3.4 Áhöfn skal koma á tímavarðstöðvar í þeirri röð sem þær eru í leiðarlýsingu og í tímabók, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

4.3.5 Marktími er uppgefinn aksturstími fyrir vegalengdina milli tveggja tímavarðstöðva sem gefinn er upp í tímabók í heilum mínútum.

4.3.6 Færsla tímavarða í tímabók er gerð í 24 stunda kerfi, klukkustund, mínútur og sekúndur: 00:00:00 - 23:59:59.

4.3.7 Áhöfn sem fellur úr keppni skal tilkynna það keppnisstjóra eða fulltrúa hans eins fljótt og auðið er og afhenda honum tímabók sína.

GREIN 4.4 ENDURKOMA (RALLY 2)

4.4.1 Áhöfn sem fellur úr keppni getur komið aftur til leiks í upphafi næsta áfanga, ef hún upplýsir keppnishaldara um þá ósk sína að lágmarki 1 klst. fyrir útgáfu rásraðar þess áfanga.

4.4.1.a Þegar slík ósk er lögð fram skal upplýsa um ástæðu þess að áhöfnin féll úr keppni (óhapp, bilun o.s.frv.) ásamt því að óska eftir að ökutæki verði skoðað á ný.

4.4.1.a.i Ökutæki áhafnar sem kemur aftur til leiks skal vera komið á endurskipunarstöð að lágmarki 1 klst. fyrir áætlaða ræsinguna fyrsta ökutækis í næsta áfanga.

4.4.1.a.ii Fulltrúi viðkomandi keppanda skal vera viðstaddur endurtekna skoðun á ökutæki og fer hún fram á þeim stað og þeim tíma sem keppnishaldari tilgreinir.

4.4.1.b Þetta gildir fyrir allar áhafnir sem fallið hafa úr keppni sökum þess að þær hafa farið yfir marktíma, en á



ekki við um þær áhafnir sem falla út vegna þess að ökutæki uppfyllti ekki lögbundin skilyrði, vegna brota á umferðarlögum eða samkvæmt ákvörðun dómnefndar.

4.4.2 Áhöfn er heimilt, með eða án aðstoðar, að gera við ökutæki sem fallið hefur úr keppni.

4.4.2.a Ökutæki áhafnar sem kemur aftur til keppni skal vera með sömu yfirbyggingu (boddy) og sömu vél og ökutækið sem áhöfnin hóf keppni á.

4.4.3 Við endurkomu áhafnar skal henni refsað sem nemur 10 mínútum á hverja sérleið sem hún ekki lýkur, til viðbótar við besta tíma í þeim flokki sem áhöfnin keppir í.

4.4.3.a Ef áhöfn fellur úr keppni eftir síðustu sérleið áfanga, og kemur aftur til keppni í upphafi næsta áfanga undir reglum um Rally 2, skal hún taka á sig 10 mínútur í refsingu.

GREIN 4.5 TÍMAVARÐSTÖÐVAR

4.5.1 Innkoma á tímavarðstöð byrjar um leið og ökutæki fer fram hjá upphafsskilti á tímavarðstöðinni.

4.5.2 Milli upphafsskiltisins og staðsetningar tímavarðar má ekki stöðva ökutæki eða aka óeðlilega hægt.

4.5.3 Skráning tíma í tímabók getur aðeins farið fram séu áhöfn og ökutæki inni á stöðvarsvæðinu og í námunda við tímavörð, nema starfsmaður *keppni* ákveði annað.

4.5.4 Innkoman miðast við þann tíma sem áhöfnin afhendir starfsmanni tímavarðstöðvar tímabókina.

4.5.4.a Þá, annað hvort með eigin hendi eða aðstoð prentara, færir starfsmaður tímavarðstöðvarinnar raunverulegan tíma sem tímabókin var afhent á.

4.5.5 Komumarktími er fenginn með því að bæta tímanum sem ætlaður var til að ljúka ferjuleiðinni við tímann sem var er farið var inn á hana, en báðir eru tímarnir í heilum mínútum.

4.5.6 Áhöfn verður ekki refsað fyrir að koma of fljótt inn ef ökutæki fer inn í stöðvunarsvæðið á komumarktíma mínútunni eða á mínútunni á undan.

4.5.7 Áhöfn verður ekki refsað fyrir að vera of fljót eða sein, afhendi hún starfsmanni tímavarðstöðvarinnar tímabókina á komumarktímamínútunni.

4.5.7.a Dæmi: Áhöfn sem koma á inn á tímavarðstöð kl. 18.58 er álitin á réttum tíma eigi innritun þar sér stað milli kl. 18.58:00 og kl. 18.58:59.

4.5.8 Sé munur milli raunverulegs innritunartíma og komumarktíma skal refsa sem hér segir:

4.5.8.a Koma of seint inn: 10 sekúndur fyrir hverja byrjaða mínútu.

4.5.8.b Koma of fljótt inn: 20 sekúndur fyrir hverja byrjaða mínútu.

4.5.9 Á síðustu tímavarðstöð hvers dags, hluta eða áfanga keppinnar, er áhöfn heimilt að koma of fljótt inn, án þess að hljóta refsingu.

4.5.10 Komi í ljós að áhöfn hafi ekki farið eftir reglum um innritun á tímavarðstöð í samræmi við það sem sagt er hér að ofan, sérstaklega ef komið er inn á tímavarðstöðina meira en einni mínútu fyrir komumarktíma, ber stöðvarstjóra tímavarðstöðvar að skila inn skýrslu um atvikið til keppnisstjóra.

4.5.11 Tími við brottför frá tímavarðstöð:

4.5.11.a Byrji næsta ferjuleið ekki á sérleið, er innritunartíminn sem skráður er í tímabókina bæði komutími inn á tímavarðstöðina af síðustu ferjuleið og um leið brottfarartími fyrir næstu ferjuleið.

4.5.11.b Þegar ferjuleið byrjar á sérleið:

4.5.11.b.i Slíkar stöðvar eru eitt stöðvarsvæði.

4.5.11.b.ii Á tímavarðstöðinni við lok ferjuleiðar skráir starfsmaður tímavarðstöðvarinnar í tímabók áhafnar komutímann annars vegar, og áætlaðan rástíma inn á næstu sérleið hins vegar. Milli þessara tveggja tíma skulu



vera að minnsta kosti 3 mínútur til að áhöfnin fái tíma til að undirbúa ræsinguna.

4.5.11.b.iii Strax að lokinni skráningu á áætluðum rástíma skal áhöfnin fara að byrjun sérleiðar. Tímavörðurinn sem sér um þessa stöð skráir raunverulegann rástíma ef um breytingu er að ræða frá áætluðum rástíma inn á sérleiðina. Hann mun síðan ræsa áhöfnina samkvæmt því sem skilgreint er í reglum þessum. Komi eitthvað fyrir og mismunur sé á milli þessara tveggja áður nefndu tíma, mun rástími inn á sérleiðina vera sá sem gildir, nema dómnefnd ákveði annað.

4.5.12 Heimilt er að setja tímavarðstöðvar upp þannig að sérstakur marktími er gefinn upp fyrir sérleið og sérstakur marktími gefinn upp fyrir ferjuleið.

GREIN 4.6 LEIÐARVARÐSTÖÐVAR

4.6.1 Á leiðarvarðstöðvum munu starfsmenn stöðvarinnar aðeins skrá í tímabókina um leið og hún er afhent af áhöfninni, án þess að skrá niður tíma í hana.

GREIN 4.7 ENDURSKIPUNARSTÖÐVAR

4.7.1 Endurskipunarstöðvar geta verið tilgreindar í tímaáætlun keppinnar. Farið er með innkomu í, og brottför úr þeim, eftir almennum reglum um komu og brottför frá tímavarðstöð.

4.7.2 Hlutverk endurskipunarstöðva er að minnka eða auka bil milli keppenda, til dæmis vegna seinkunar einstakra keppenda og/eða þeirra sem fallið hafa úr keppni. Því er brottfarartími úr endurskipunarstöð það sem skiptir máli, ekki tímalengdin þar.

4.7.3 Dæmi um endurskipun:

4.7.3.a 20 ökutæki hefja keppni. Fyrsta endurröðun í 4 klst. Brottfarartími frá endurskipunarstöðinni er kl. 12.01.

4.7.3.b Áætlaður komutími ökutækis nr. 1 á endurskipunarstöðina er kl. 8.01, áætlaður komutími ökutækis nr. 120 á endurskipunarstöðina er kl. 10.00;

4.7.3.c Raunverulegur komutími ökutækis nr. 1 á endurskipunarstöðina kl. 8.45, raunverulegur komutími ökutækis nr. 120 á endurskipunarstöðina er kl. 11.50;

4.7.3.d Brottfarartími fyrir ökutæki nr. 1 er kl. 12.01, brottfarartími fyrir ökutæki nr. 120 er kl. 14.01;

4.7.3.e Tími sem ökutæki hafa stöðvað er því 3 klst. og 16 mín. fyrir ökutæki nr. 1 en 2 klst. og 11 mín. fyrir ökutæki nr. 120.

4.7.4 Þegar komið er í endurskipunarstöð afhendir áhöfn starfsmanni hennar tímabók sína. Áhafnir fá þar upplýsingar um brottfarartíma. Ökutæki skal ekið beint í Parc Fermé. Tímavörður mun skrá nýjan brottfarartíma í tímabók, annaðhvort við innkomu eða brottför úr Parc Fermé.

4.7.5 Svo fremi það sé unnt, mun ný rásröð verða samkvæmt almennum úrslitum þegar komið var í endurskipun.

4.7.5.a Annars munu ökutæki ræst í þeirri röð sem þau komu í endurskipunarstöðina.

4.7.5.b Undir engum kringumstæðum má aðeins taka tillit til tíma á sérleiðum þegar verið er að komast að niðurstöðu um almenn úrslit, heldur verður ávallt að taka aðrar refsingar inn í útreikninga.

GREIN 4.8 BROTTVÍSUN ÚR KEPPNI

4.8.1 Sérhver seinkun meiri en 15 mínútur yfir marktíma milli tveggja tímavarðstöðva, eða heildarseinkun sem er meiri en 15 mínútur við enda hvers hluta eða áfanga af keppni, eða heildarseinkun sem er meiri en 30 mínútur leiðir til brottvísunar úr keppni.

4.8.2 Undir engum kringumstæðum mun það að koma of snemma inn á tímavarðstöð teljast til frádráttar refsingar sem leiðir til brottvísunar.



4.8.2.a Refsingar fyrir að koma of snemma inn á tímavarðstöð af ferjuleið eru ekki taldar með til refsinga sem leiða til brottvísunar úr keppni.

4.8.3 Dæmi um komu of seint eða snemma:

4.8.3.a Ferjuleið A: Ræsing kl. 12.00 - marktími 60mín. - komutími á tímavarðstöð kl. 13.10. Refsing fyrir að mæta of seint = 10×10 sekúndur = 100sekúndur. Refsing til brottvísunar = 10 mínútur.

4.8.3.b Ferjuleið B: Marktími 90mín - komutími á tímavarðstöð kl. 14.20. Refsing fyrir að koma of snemma = 20×20 sekúndur = 400 sekúndur. Refsing til brottvísunar = 0 mínútur.

4.8.3.c Ferjuleið C: Marktími 120 mín - komutími á tímavarðstöð kl. 16.30. Refsing fyrir að mæta of seint = 10×10 sekúndur = 100 sekúndur. Refsing til brottvísunar = 10 mínútur.

4.8.3.d Samtals refsing fyrir að mæta of seint og of snemma á ferjuleiðum A+B+C = $100 + 400 + 100 = 600$ sekúndur.

4.8.3.e Samtals refsing til brottvísunar: $10 + 0 + 10 = 20$ mínútur.

4.8.4 Refsing sem leiðir til brottvísunar má hvenær sem er vera aukin af dómnefnd að tillögu keppnisstjóra.

4.8.4.a Viðkomandi áhöfn verður látin vita af þessari ákvörðun hið fyrsta.

4.8.5 Brottvísun úr keppni vegna refsingar fyrir að mæta of seint á tímavarðstöðvar mun aðeins tilkynnt við lok áfanga eða hluta.

GREIN 4.9 ÚRSLIT KEPPNI

4.9.1 Refsingar verða birtar í klukkustundum, mínútum og sekúndum.

4.9.1.a Heildarrefsing er samanlögð refsing á ferjuleiðum og sérleiðum keppni, svo og viðbótarrefsingar.

4.9.1.b Sú áhöfn sem lægsta heildarrefsingu fær telst sigurvegari yfir heildina, næstlægsta önnur o.s.frv.

4.9.1.c Gengja- og flokkaúrslit lúta sömu reglum.

4.9.2 Fari svo að tvær eða fleiri áhafnir skilji jafnar, vinnur sú er bestan tíma hefur á fyrstu sérleið þar sem mismunur er.

4.9.3 Úrslit skulu birt samkvæmt tímatöflu keppinnar.

GREIN 4.10 ÁKVÖRÐUN ÍSLANDSMEISTARA

4.10.1 Íslandsmótið í rally er stigakeppni.

4.10.1.a Keppnir geta haft mismunandi vægi í stigagjöf til Íslandsmeistara og ræðst vægið af samanlagðri lengd sérleiða.

4.10.1.a.i Séu eknar sérleiðir í keppni að lágmarki 80 km að lengd fær vægi stiga í keppni stuðulinn 1,0.

4.10.1.a.ii Séu eknar sérleiðir í keppni að lágmarki 160 km að lengd fær vægi stiga í keppni stuðulinn 1,25.

4.10.1.a.iii Séu eknar sérleiðir í keppni að lágmarki 240 km að lengd fær vægi stiga í keppni stuðulinn 1,5.

4.10.1.a.iv Keppnishaldari skal tilgreina vægi keppni þegar upplýsingar um hana eru birtar á keppnisdagatali AKÍS

4.10.2 Veitt eru stig til Íslandsmeistara fyrir sæti í keppni sem og árangur á einni sérleið í hverri keppni, svokallaðri ofurleið.

4.10.2.a Stig fyrir sæti í keppni eru veitt í öllum keppnisflokkum, nema flokki A, sem hér segir:

1. sæti : 20 stig
2. sæti : 15 stig
3. sæti : 12 stig
4. sæti : 10 stig
5. sæti : 8 stig
6. sæti : 6 stig



- 7. sæti : 4 stig
- 8. sæti : 3 stig
- 9. sæti : 2 stig
- 10. sæti : 1 stig

4.10.2.b Stig fyrir ofurleið eru veitt í öllum keppnisflokkum, nema flokki A, sem hér segir:

- Besti tími : 3 stig
- Næst besti tími : 2 stig
- Þriðji besti tími : 1 stig

4.10.2.c Stig fyrir ofurleið fá aldrei aukið vægi.

4.10.2.c.i Skerðing stigafjölda samkvæmt lið 4.10.2.d gildir ekki um stig fyrir ofurleið.

4.10.2.d Ljúki keppni áður en heildar vegalengd hennar hefur verið ekin skal:

4.10.2.d.i óskertur stigafjöldi fást hafi að minnsta kosti 75% af lengd sérleiða verið ekin;

4.10.2.d.ii helmingur stiga fást hafi á milli 50% og 75% af lengd sérleiða verið ekin;

4.10.2.d.iii þriðjungur stiga fást hafi á milli 25% og 50% af lengd sérleiða verið ekin;

4.10.2.d.iv ekki veita nein stig hafi ekki náðst að aka að minnsta kosti 25% af lengd sérleiða.

4.10.2.e Við útreikning á stigum samkvæmt lið 4.10.2.d skal rúnna upp eða niður að næstu heilu tölu.

4.10.3 Ofurleið er ein tiltekin sérleið í hverri keppni.

4.10.3.a Í sérreglum og tímaáætlun keppni skal tilgreina hver af þremur síðustu sérleiðum hennar er ofurleið.

4.10.3.b Ofurleið skal að lágmarki vera 6 km.

4.10.3.c Ef tvær eða fleiri áhafnir eru með sama tíma á ofurleið skulu þær allar fá stig fyrir það sæti.

4.10.3.c.i Þeir sem ná tíma sem næst kemur á eftir fá stig samkvæmt því sæti sem sá tími gefur.

4.10.3.d Einungis skal taka til greina tíma þeirra áhafna sem ljúka keppni við útreikning stiga fyrir ofurleið.

4.10.4 Þeir ökumenn og aðstoðarökumenn sem hljóta flest stig samanlagt úr öllum keppnum hvers keppnistímabils teljast Íslandsmeistarar í hverjum flokki.

GREIN 5 ÖRYGGISMÁL

GREIN 5.1 PERSÓNULEGUR BÚNAÐUR ÖKUMANNA

5.1.1 Ökumenn skulu vera í að lágmarki tveggja laga eldheldum heilgalla. Gallinn skal vera með gilda viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000), SFI (SFI 3.2A/5 eða hærra). Á það við í öllum tilfellum þegar ökutæki er ekið í keppni, þ.e. eftir ræsingu og fram að tilkynningu úrslita.

5.1.1.a Ekki má prenta auglýsingar beint á heilgallann eða sauma í hann, nema af framleiðanda hans.

5.1.2 Á sérleiðum skulu ökumenn bera öryggishjálma.

5.1.2.a Hjálmar skulu uppfylla staðla samkvæmt grein 1, kafla III í viðauka L við *Reglubók FIA*, um útbúnað ökumanna.

5.1.2.b Ökumanni er ekki heimilt að aka með hjálm á höfði á ferjuleiðum.

5.1.2.b.i Ökumanni er þó heimilt 500 metrum eftir að komið er útaf sérleið og 500 metrum fyrir upphaf sérleiðar að keyra með hjálm á höfði, en þó aldrei í þéttbýli.

5.1.3 Undirföt skulu vera úr bómull eða ull eða bera FIA vottun til notkunar í rally.

5.1.4 Myndavélar eða annar búnaður festur á hjálm eða ökumann á annan hátt er bannaður.

5.1.5 Á sérleiðum ber ökumönnum skylda til að klæðast lambhúshettu úr eldheldu efni sem ber viðurkenningu frá FIA (FIA 8856-2000) eða SFI (SFI 3.3/ 5 eða hærra).

5.1.6 Ökumenn skulu nota HANS búnað á sérleiðum og skal hann vera með gilda viðurkenningu frá FIA (FIA 8858) eða SFI (SFI 3.3).

5.1.7 Ökumenn skulu klæðast gatalausum skóm úr leðri eða öðru eldtefjandi efni.



5.1.8 Fyrir allan hlífðar- og öryggisbúnað gildir að hann skal vera af passlegri stærð, formaður og sniðinn þannig að hann skýli vel öllum líkamanum, þar á meðal hnakka, ökkulum og úlnliðum.

GREIN 5.2 ÖRYGGI ÖKUTÆKJA

5.2.1 Ökutæki sem notað er til keppni í rally skal uppfylla eftirfarandi atriði:

5.2.1.a Vera með öryggisbúr samkvæmt reglum *FIA*, viðauka J, grein 253-8.

5.2.1.b Vera útbúið körfustólum og skulu þeir bera gilda vottun *FIA*.

5.2.1.c Vera með öryggisbelti samkvæmt gildum stöðlum *FIA*, með lágmark 5 punkta festingum.

5.2.1.d Hafa slökkvitæki, minnst 4 kíló að heildarinnihaldi í ekki færri en tveimur ílátum, staðsett þannig að auðvelt sé fyrir ökumenn að ná til þeirra og skulu þau tryggilega fest, eða hafa slökkvikerfi sem viðurkennt er af *FIA*.

5.2.1.d.i Miði frá hæfum aðila skal vera á slökkvibúnaði sem staðfestir gildistíma.

5.2.1.e Vera með framrúðu úr öryggisgleri.

5.2.1.f Hliðarrúður skulu vera með álímdri filmu til að varna því að brot dreifist.

5.2.1.g Hafa 2 endurskinsþríhyrninga til notkunar í neyðartilvikum.

5.2.1.h Vera útbúið viðurkenndum sjúkrakassa.

5.2.1.i Hafa allan farangur og annan búnað tryggilega festan.

5.2.1.j Vatnsrör sem eru hluti af kælikerfi og liggja í gegnum öikumannsrými skulu vera ósamsett.

5.2.1.k Olíuleiðslur skulu vera viðurkenndar háþrýstislöngur.

5.2.1.l Sé notaður eldsneytisgeymir annar en sá upprunalegi skal hann vera tryggilega festur. Útöndun skal ná út fyrir yfirbyggingu og niður fyrir tank og hafa einstreymisloka. Þannig skal gengið frá honum að bensín leki ekki út. Bannað er að staðsetja eldsneytisgeymi í öikumannsrými.

5.2.1.m Eldsneytislagnir inni í ökutæki skulu vera úr eir, stáli eða vírofum slöngum. Öll samskeyti á eldsneytislöngum eru bönnuð í öikumannsrými.

5.2.1.n Rafgeymir skal tryggilega festur. Sé rafgeymir í öikumannsrými skal hann vera þurrgeymir.

5.2.1.o Straumrofi er skylda.

5.2.1.o.i Hann skal vera með snerli eða handfangi og greinilega merktur á/af (on/off).

5.2.1.o.ii Hann á að rjúfa allan straum og drepa á ökutækinu.

5.2.1.p Allir loftpúðar í öikumannsrými skulu fjarlægðir.

5.2.2 Bannað er að hafa eldfima vökva í lausum ílátum í ökutæki, að viðlagðri brottvísun úr keppni.

GREIN 5.3 SJÚKRAFULLTRÚI

5.3.1 Sjúkrafulltrúi skal að lágmarki hafa menntun sem bráðaliði en æskilegt er að vera læknir eða hjúkrunarfræðingur með sérþekkingu í slysaveðbrögðum.

5.3.2 Sjúkrafulltrúi skal fylgja keppni og fara allar sérleiðir sem fyrst á eftir síðasta ökutæki.

5.3.3 Verði slys á fólki í keppni skal sjúkrafulltrúi ávallt kallaður til.

5.3.4 Ef ökutæki veltur eða lendir í árekstri skal sjúkrafulltrúi skoða viðkomandi áhöfn og gefa fyrirmæli um frekara eftirlit ef nauðsyn krefur.

5.3.5 Sjúkrafulltrúi skal hafa meðferðis nauðsynlegan búnað til að veita fyrstu hjálp.

GREIN 5.4 ÖRYGGISFULLTRÚI

5.4.1 Öryggisfulltrúi ber ábyrgð á að framkvæmd keppni stefni ekki áhorfendum, starfsmönnum, keppendum eða tengdum aðilum í hættu.

5.4.2 Öryggisfulltrúi hefur heimild til að stöðva keppni eða einstaka keppendur eða ökumenn, telji hann þörf á því.

5.4.3 Verði slys á fólki ber öryggisfulltrúa að gera skýrslu til AKÍS um atvikið, lýsa aðstæðum og meta mögulegar orsakir.

5.4.4 Öryggisfulltrúa er heimilt að taka ökutæki sem aðild á að óhappi til frekari skoðunar áður en keppandi fær aðgang að því aftur.

5.4.4.a Slík skoðun má fara fram eftir að keppni lýkur.



GREIN 5.5 UMHVERFISFULLTRÚI

5.4.1 Hlutverk umhverfisfulltrúa er að tryggja eftir fremsta megni að umgengni starfsfólks, keppenda og aðila þeim tengdum, á svæði því sem keppnin fer um, sé til fyrirmyndar og í samræmi við gildandi lög og reglur.

GREIN 5.6 UNDAFARI

5.6.1 Á undan ökutækjum skulu ávallt a.m.k. tveir undanfarabílar aka ferjuleiðir og sérleiðir.

5.6.1.a Heimilt er í undantekningartilfellum, og með samþykki öryggisfulltrúa, að einungis einn undanfari aki hluta af fyrirhugaðri akstursleið.

5.6.1.a.i Aki einungis einn undanfari sérleið skal hann merktur samkvæmt 5.6.2.b.i.

5.6.2 Undanfarabílar skulu auðkenndir;

5.6.2.a með gulu blikkljósi á topp.

5.6.2.b með a.m.k. 300 x 300 mm merkjum á báðum hliðum sem á stendur

5.6.2.b.i „0“ á síðasta undanfara.

5.6.2.b.ii „00“ á næst síðasta undanfara.

5.6.3 Hlutverk undanfara er;

5.6.3.a að yfirfara og tryggja að sérleiðir séu lokaðar fyrir almennri umferð.

5.6.3.b að yfirfara og tryggja að uppsetning tímavarðstöðva sé nægjanlega rúm og örugg.

5.6.3.c að yfirfara og tryggja að áhorfendur við sérleiðir séu staðsettir þannig að þeim sé ekki hættu búin af akstri ökutækja.

5.6.3.d að yfirfara og tryggja að starfsfólk á tímavarðstöðum hafi fullnægjandi þekkingu og búnað til að sinna tímatöku.

5.6.3.e að yfirfara og tryggja að hættur og hindranir á sérleiðum séu vandlega og rétt merktar.

5.6.4 Síðasti undanfari skal ávallt vera vera með nægan búnað þannig að unnt sé að setja upp tímavarðstöð samkvæmt 3.7.1.d, lok sérleiðar, ef ljúka þarf sérleið fyrirvaralaust.

5.6.5 Undanfari skal ekki aka hraðar en heimilt er á viðkomandi vegi samkvæmt gildandi lögum og reglum.

GREIN 5.7 EFTIRFARI

5.7.1 Næst, og sem fyrst, á eftir ökutækjum skal ávallt a.m.k. einn eftirfarabíll aka ferjuleiðir og sérleiðir.

5.7.2 Fyrsti eftirfarabíll skal auðkenndur;

5.7.2.a með gulu blikkljósi á topp.

5.7.2.b með a.m.k. 300 x 300 mm merkjum á báðum hliðum sem á stendur „E“.

5.7.3 Hlutverk eftirfara er;

5.7.3.a að fylgjast með og skrá hvort ökutæki hafi stoppað á leiðinni og haldi ekki áfram keppni.

5.7.3.b á tímavarðstöðvum að telja fjölda skráninga hjá tímavörðum og bera saman við fjölda ökutækja í keppninni. Passi sá fjöldi ekki skal hann leyta fullnægjandi skýringa áður en hann heldur lengra.

5.7.4 Eftirfari skal ekki aka hraðar en heimilt er á viðkomandi vegi samkvæmt gildandi lögum og reglum.

GREIN 6 KEPPNISFLOKKAR

Tæknireglur keppnisflokka er að finna á vef AKÍS eða vefsíðu FIA

GREIN 6.1 HEILDIN



6.1.1 Allir öikumenn neðantalinna flokka keppa í þessum flokki. Sigurvegari hlýtur titilinn „Íslandsmeistari í rally“.

GREIN 6.2 FLOKKUR A

6.2.1 Flokkur A

6.2.1.a WRC

6.2.1.b WRC 2

6.2.1.c S2000 / FIA App. J 2013 - art.254a

6.2.1.d R5

6.2.1.e Ökutæki í flokki B með raðskiptum girkassa

6.2.1.f Proto

GREIN 6.3 FLOKKUR B

6.3.1 Flokkur B

6.3.1.a Ísland GrN

6.3.2.b GrN

6.3.2.c R4

GREIN 6.4 FLOKKUR C

6.4.1 Flokkur C - óbreytt ökutæki án túrbínu.

GREIN 6.5 JEPPAFLOKKUR

6.5.1 Jeppaflokkur

GREIN 6.6 EINDRIF

6.6.1 Eindrif X

6.6.2 1000 sm³

6.6.3 1400 sm³

GREIN 7 MERKINGAR

GREIN 7.1 KEPPNISNÚMER

7.1.1 Keppnisnúmer ökutækis skulu vera svartir stafir á hvítum bakgrunni.

7.1.1.a Keppandi skal merkja ökutæki með keppnisnúmeri fyrir skoðun með eftirfarandi hætti:

7.1.1.a.i framarlega á framhurðar, stærð 200 x 200 mm;

7.1.1.a.ii í aftari hliðarrúður beggja megin, stærð 200 x 200 mm. Á bílum sem ekki hafa afturrúður skal staðsetja þessi keppnisnúmer 150 mm aftan við framhurðar í 1500 mm hæð frá jörðu;

7.1.1.a.iii í framrúðu, stærð 100 x 100 mm, út við brún hægra megin og að hámarki 200 mm frá efstu brún;

7.1.1.a.iv í afturrúðu, stærð 100 x 100 mm, út við brún hægra megin og að hámarki 200 mm frá efstu brún.



GREIN 7.2 AUÐKENNI ÖKUMANNA

7.2.1 Nafn ökumanns og aðstoðarökumanns, ásamt þjóðfánum þeirra, skal vera í aftari hliðarrúðum beggja megin, þétt upp að keppnisnúmeri.

7.2.1.a Nöfnin skulu skráð með svörtu Helvetica lettri á hvítan bakgrunn, hæð stafa 40 mm og stríkþykkt 10 mm.

7.2.1.b Nafn ökumanns skal vera fyrir ofan nafn aðstoðarökumanns á báðum hliðum.

GREIN 7.3 AÐRAR MERKINGAR

7.3.1 Keppnishaldara er heimilt að selja auglýsingar á ökutæki.

7.3.1.a Hyggist hann nýta sér heimildina skal þess getið í *sérreglum*.

7.3.1.b *Keppnishaldara* er heimilt að sleppa *keppanda* við að merkja ökutæki með auglýsingu hans gegn greiðslu gjalds sem keppnishaldari ákveður og skal þá vera auglýst í *sérreglum*.

7.3.1.b.i Slíkt gjald má að hámarki vera kr. 30.000 fyrir hvert ökutæki.

7.3.2 Frátekin svæði á ökutæki fyrir auglýsingar keppnishaldara:

7.3.2.a Aftan við keppnisnúmer á framhurðum, stærð allt að 200 x 350 mm (h x b). Keppandi getur ekki keypt sig undan þessari auglýsingu enda innihaldi hún nafn keppninnar.

7.3.2.b Neðan við keppnisnúmer á framhurðum, stærð allt að 350 x 550 mm (h x b).

7.3.3 *Keppandi* skal sjálfur sjá um að setja auglýsingar frá *keppnishaldara* á ökutæki sitt og skal það gert fyrir skoðun.

7.3.4 *Keppanda* er heimilt að setja á ökutæki sitt hvaða auglýsingar sem er að því tilskyldu að þær:

7.3.4.a Samrýmist íslenskum lögum og reglum og reglum FIA um auglýsingar.

7.3.4.b Innihaldi ekki móðgandi efni og stangist ekki á við almennt velsæmi.

7.3.4.c Þrengi ekki að keppnisnúmerum eða auglýsingum frá keppnishaldara.

7.3.4.d Trufli ekki útsýni ökumanna eða skapi hættu að öðru leyti.

7.3.5 Það er á ábyrgð áhafnar að keppnisnúmer og auglýsingar frá keppnishaldara, ef einhverjar eru, séu á ökutæki og læsileg þangað til keppni lýkur.

7.3.6 Sé það staðfest einhverntíma meðan á keppni stendur að:

7.3.6.a einhver merki keppninnar eða keppnisnúmer vanti, verður viðkomandi áhöfn sektuð um að hámarki kr. 30.000;

7.3.6.b vanti tvö merki keppninnar eða keppnisnúmer á sömu stundu, má vísa viðkomandi áhöfn úr keppni.